

Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 13. mars 2023

Mættir á skrifstofu félagsins:

Friðrik Höskuldsson, Magnús Harðarson, Birgir Sigurjónsson og Páll Halldórsson

Á fjarfundi: Guðjón Guðjónsson, Jón Frímannsson

Formaður bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:00.

Lítið var rætt í fyrstu meðan menn nærðu sig.

Dagskrá:

1. Kjarasamningur skipstjórnarmanna á fiskiskipum.
2. Staða annarra kjarasamninga.
3. Starfsmannamál
4. Önnur mál

Mál 1. Kjarasamningur skipstjórnarmanna á fiskiskipum. ÁS fór yfir kosningu um kjarasamning sjómanna og niðurstöður. Öll félögin sem áttu aðild að samningnum við SFS felldu samninginn að undanskildu FS. Eins og áður hefur komið fram, stóðu viðræður yfir í þrjú ár við SFS og á þeim tíma hafi verið fundað stíft til að reyna að koma á kjarasamningi án árangurs en um áramótin var látið á það reyna hvort sjómenn væru yfir höfuð að fara að semja. Eftir mikla fundarlotu í janúar var loks skrifað undir samning 9. febrúar sl. Farið var lauslega yfir samninginn og helstu ásteitingarsteinna sem urðu trúlega til þess að sjómenn felldu samninginn.

Fundarmenn ræddu um veikindakafllann í kjarasamningnum en ÁS sagði að 36 gr. sjómannalaga væri skýr en setjast þyrfti niður með SFS til að taka á slysaréttindum lausráðinna manna vegna slysa og veikinda en stefnt er að því að lausráðningar heyri sögunni til.

Ekki var verið að breyta neinu varðandi grein 1.37. samkv. SFS. Það eru skýr ákvæði um skiptaprósentuna og henni verður ekki breytt.

Varðandi facebook síðu félagsins, þá var ákveðið að eyða út nettröllum sem ekki eru í félaginu. ÁS ætlar að setja inná heimasíðuna uppl. um nýja samninginn og hann mun taka saman leiðbeiningar um hvað menn þurfa að gera ef þeir vilja leið B.

Jón Frímann kom með þá tillögu að skýra betur grein 1.37 og greinarnar um uppsagnir og veikindi.


Mál 2. Staða annara kjarasamninga. ÁS og PÆ fóru yfir stöðu annara samninga s.s. við farmenn, LHG, Björgun, fyrirtæki útsýnisbáta, eldisfyrirtækin og síðan samninga sem losna í haust við hafnsögumenn SÍS og Faxaflóahafna. Einnig voru stjórnarmenn upplýstir um fund með forstöðumönnum Faxaflóahafna í morgun, en vegna aukinnar komu skemmtiferðaskipa í sumar vantar fleiri menn þar til starfa, s.s. hafnsögumenn, skipstjóra dráttarbáta og vélstjóra. Málið nokkuð rætt og hugmyndir um hvernig leysa megi þetta viðfangsefni, s.s. með því m.a. að starfsmenn hafnarþjónustunnar fresti sumarfríum sínum þar til eftir mesta annatímamann og fái þá álag fyrir þá daga á laun sín eða gripið verði til ráðningar utanaðkomandi manna, en það mál er í skoðun.

Vignir Traustason hafnsögumaður á Akureyri upplýsti fundarmenn um að hafnsögumaður frá Hollandi, sem einnig var þjálfunarskipstjóri á dráttarbátum þar nyrðra, var ráðinn tímabundið á síðasta ári. Hann var góður fagmaður og nýttist vel í starfi. Þess má geta að Seifur, dráttarbáturinn fyrir norðan, er nýlegur og með azimut skrufubúnaði en skipstjórar slíkra báta fara í sérhæfða þjálfun. Hollendingurinn var verktaki að sögn Vignis en í raun eiga erlendir starfsmenn sem koma hingað til lands og vinna tímabundið ekki að ráða sig sem verktaka heldur sem launamenn og þá á íslenskum kjörum. FS mun framvegis fylgjast með því að þeim reglum verði framfylgt og mælast til þess við hafnaryfirvöld á landinu.

Mál 3. Starfsmannamál. ÁS sagðist vera að skoða það mál, en hann vill fá inn góðan aðila sem getur sett sig vel inn í verðútreikninga á fiskverði í föstum viðskiptum svo dæmi sé tekið, sé talnaglökkur og geti í samráði við Verðlagsstofu komið okkur upp mælaborði til að hægt sé að fylgjast stöðugt með fiskverði eins og hugmyndin var á síðasta ári og rætt hefur verið áður um á sjórnarfundum. Verðlagsstofa á að fylgjast með því að rétt sé gert upp við sjómenn, hún fær alla samninga og er með alla nauðsynlegar tölur í sínum fótum.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið 13:20



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundarritari